




Lóð I (1)



Lóð I (2)



Lóð I (3)

## TILLAGA:

Blað 4 af 5

Skýringarbl. við blað 2

### Lóð I. Lóð Umferðarmiðstöðvarinnar

**Umferðarmiðstöðin** gegnir veigamiklu hlutverki í fólksflutningum. Daglega eru 60-70 brottfarir eða komur sérleyfisbifreiða til/frá UMF, og fer allt upp í 80-100 á háannatíma. Einnig fer fjölbreytt starfsemi fram í UMF., m.a. er þar ferðaskrifstofa BSÍ, veitingasala, póstafgreiðsla, verslun o.fl.
Um UMF fara um 450-500 þús manns á ári og að jafnaði vinna þar um 50-60 manns.

Það er því mikilvægt að ekki verði þrengt um of að lóð og næsta umhverfi UMF og henni verði ekki of þröngur stakkur skorinn m.t.t. framtíðarþróunar og vaxtar.

**Svæðið er u.þ.b. 28.000m².** Í tillögunni er gert ráð fyrir u.þ.b. 24-25.000m² lóð fyrir UMF og tveimur lóðum fyrir verslun og þjónustu. Önnur er u.þ.b. 2000m² hin er u.þ.b. 1500m² ~~15.000m²~~. Einnig er gert ráð fyrir að Umferðarmiðstöðvarbyggingin hafi rétt á stækkunarmöguleikum í framtíðinni.

**Núverandi bygging - UMF**

- a. **Byggingarréttur ofan á pakkaafgreiðslu BSÍ** - (allt að 300m²)
- b. **Byggingarréttur t.þ.a. byggja þak yfir rútustæði UMF**
- c. **Byggingarréttur á suð- og norð- vestur horni UMF** - (allt að 400m²)
- d. **Byggingarréttur fyrir vöruafgreiðslu BSÍ** - (skv. nánari skilmálum á skipulagi á lóð UMF)

**Byggingar sem verða fjarlægðar**
Lagt er til að fjarlægja allar skúrbyggingar sem fyrst.

**Gönguleiðir**

Minni skýringarmyndir:

Lóð I (1) Lóð **UMF** eins og hún hefur verið notuð, stærð u.þ.b. 16-17.000m².

Lóð I (2) Lóðamörk **UMF** eins og þau verða þar til nýjar stofnbrautir verða lagðar. Stærð lóðar u.þ.b. 20-21.000m².

Lóð I (3) Lóðamörk **UMF** samkvæmt framtíðarlegu stofnbrauta. Þau afmarkast af helgunarlínu stofnbrauta og lóðum II og III. Stærð lóðar u.þ.b. 24-25.000m².

**Óskað er eftir að UMF leggi fram endanlegar tillögur að framtíðarfyrirkomulagi lóðar UMF. Gera skal ráð fyrir gróðri á lóð sem svarar til 5-10% flatarmáls lóða.**

### Lóð II og III Lóðir fyrir verslun og þjónustu

| | |
|---|---|
| **Lóðarstærð** | **Lóð II u.þ.b. 2.000m² - Lóð III u.þ.b. 1.500m²** |
| **Byggingarmagn** | **U.þ.b. 250m² hvor** |
| **Hæðir** | **1 hæð** |
| **Bílastæði** | **Hámark ofanjarðar 30 stæði með sameiginlegri aðkomu frá Vatnsmýrarvegi.** |

**Gera skal ráð fyrir gróðri á lóð sem svarar til 5-10% flatarmáls lóða.**



# UMFERÐARMIÐSTÖÐ - St.gr. 1.622

*Endurskoðun deiliskipulags*

**Afmörkun svæðisins: Afmarkast af helgunarlínu Hringbrautar og Njarðargötu, og helgunarlínu fyrirhugaðra stofnbrauta.**

**Mælingadeild borgarverkfræðings mun gera mæliblað í samræmi við skipulag, sem ákveður stærðir lóða nákvæmlega.**

Grunnur: Teiknað út frá grunnkorti frá 1991 með ýmsum breytingum.
**M. 1:1000**

0 50 100


Ragnhildur Ingólfsdóttir, arkitekt Dags. 20. ágúst 1995

**BORGARSKIPULAG REYKJAVÍKUR**
**Borgartúni 3, 105 Rvík. sími 5632340, fax 5623219**